

2009

**Lyfjagreiðslunefnd
Ársskýrsla**

Efnisyfirlit

Formáli.....	3
1. Nefndarmenn.....	4
2. Fulltrúar hagsmunaaðila.....	4
3. Starfsmenn nefndarinnar.....	4
4. Fundir.....	4
5. Niðurstöður af fundum nefndarinnar í millj. króna.....	5
6. Samantekt á árinu 2009.....	6
6.01 Breyting á smásöluálagningu.....	6
6.02 Finnland inn sem viðmiðunarland í verðákvörðunum.....	7
6.03 Breytingar á greiðsluþáttöku, magasýrulyfja, A02BC, blóðfitulækkandi lyfja, C10A, blóðþrýstinglækkandi lyfja, C09 og beinþétnilyfja, M05B.....	7
6.04 Erlendur verðsamanburður.....	7
6.05 Lyfjaverðskrárkerfið.....	8
6.06 Rofin pakkning.....	8
6.07 Virðisaukaskattsbreyting.....	9
6.08 Ferðir og fundir.....	9
6.09 Samvinnuverkefni með sænsku lyfjagreiðslunefndinni (TLV).....	9
6.10 Framtíða rekstur Lyfjagreiðslunefndar.....	9
7. Greining verkefna og samantekt.....	10
7.01 Fjöldi umsókna um verð, greiðsluþáttöku og afgreiðslutími.....	10
7.02 Fjöldi breytinga sem birtist í lyfjaverðskrá.....	10
8. Þróun á gengi helstu innflutningsgjaldmiðla lyfja 2009.....	11
9. Fjármál nefndarinnar.....	12

Lyfjagreiðslunefnd 2009

Formáli

Ársskýrsla þessi er ætluð fyrir nefndarmenn, starfmenn nefndarinnar, heilbrigðisráðuneytið og aðrar stjórnsýslustofnanir sem nefndin vinnur með.

Í henni er gerð grein fyrir starfssemi nefndarinnar á árinu 2009 ásamt helstu starfssemistölum.

1. Nefndarmenn

Rúna Hauksdóttir, formaður nefndarinnar, skipuð af heilbrigðisráðuneytinu.

Matthías Halldórsson, tilnefndur af Landlæknisembættinu.

Leifur Eysteinnsson, tilnefndur af fjármálaráðuneytinu.

Guðrún I. Gylfadóttir, tilnefnd af Sjúkratryggingum Íslands.

Þorbjörg Kjartansdóttir, tilnefnd af Lyfjastofnun – hætti á árinu.

Rannveig Gunnarsdóttir, tilnefnd af Lyfjastofnun – tók við af Þorbjörgu.

2. Fulltrúar hagsmunaaðila

Þorvaldur Árnason, fulltrúi smásala.

Guðbjörg Alfreðsdóttir, fulltrúi heilsala.

Ólöf Þórhallsdóttir, fulltrúi heilsala.

Gunnar Þorkelsson, fulltrúi dýralækna.

3. Starfsmenn nefndarinnar

Rúna Hauksdóttir, lyfjafræðingur og heilsuhagfræðingur.

Sveinbjörn Högnason, viðskiptafræðingur.

Guðmundur Gylfi Guðmundsson, hagfræðingur, hætti á árinu.

Sigríður Sigurðardóttir, lyfjatæknir, kom til starfa 1. maí 2009.

4. Fundir

Haldnir voru samtals 18 fundir á árinu, nr. 110 til 128.

5. Niðurstöður af fundum nefndarinnar í millj. króna

Framkv.	Kjarnastarfssemi	SÍ	Sjúkrahús	Almenningur	Samtals
1.1.2009	Breyting á smásöluálag.	-144	0	-72	-216
	Verð og greiðsluþátttöku erindi	-1,72	3	5,55	6,83
	Samtals	-145,72	3	-66,45	-209,17

Framkv.	Sérverkefni	SÍ	Sjúkrahús	Almenningur	Samtals
1.4.2009	Verðendurskoðun á MS lyfjum		-29,88	0	-29,88
1.6.2009	1. hluti verðendurskoðunar v/Finnlands	-300	-141	0	-441
1.8.2009	2. hluti verðendurskoðunar v/Finnlands	-192	-119	0	-311
1.9.2009	3. hluti verðendurskoðunar v/Finnlands	-274	-34	0	-308
1.10.2009	Verðendurskoðun á samhliða innflutum lyfjum	-4		0	-4
	Samtals	-770	-323,88	1.089,88	-
	Samtals verkefni LGN	-915,72	3	-390,33	1.299,05

Framkv.	Verkefni í samstarfi við HBR og SÍ	SÍ	Sjúkrahús	Almenningur	Samtals
1.3.2009	Greiðsluþátt. takm. á magalyfjum	-540	0	0	-540
1.3.2009	Greiðsluþátt. takm. á blóðfitulækkandi lyfjum	-330	0		-330
1.3.2009	Afnám 30 daga takm. á þunglyndislyf	70	0	-70	0
1.3.2009	Aukin hlutdeild í greiðsluþátttöku barna	80	0	-80	0
1.3.2009	Aukin hlutdeild í greiðsluþátttöku atvinnulausra	68,4	0	-68,4	0
1.3.2009	Breyting á greiðsluþátttöku veiru og mígrenislyfja	17	0	-17	0
1.9.2009	Greiðsluþátt. takm. í blóðþrýstingslyfjum	-240	0		-240
1.10.2009	Greiðsluþátt. takm. í beinþynningarlyfjum	-100	0		-100
	Samtals	-874,6	0	-235,4	1.110,00

	SÍ	Sjúkrahús	Almenningur	Samtals
Samtals	1.790,32	3	-625,73	2.409,05

6. Samantekt á árinu 2009

6.01 Breyting á smásöluálagningu – 1.janúar breyttist smásöluálagning og var áætlað að sú breyting hefði í för með sér lækkun á lyfjakostnaði um 216 milljónir miðað við notkun 2008 og verð í janúar 2009. Skipting þessa sparnaðar er að um 144 milljónir muni sparast hjá SÍ og 72 milljónir hjá sjúklingum. Ódýr lyf, sem að jafnaði eru að fullu greidd af sjúklingum, hækkðu í verði, svo sem svefnlyf og ýmis róandi lyf. Meðaldýr og dýr lyf lækkðu, eins og sýklamixtúrur fyrir börn, getnaðarvarnarlyf, magalyf og astmalyf, stinningarlyf og fleira.

Mesta hækkun per. pakkningu var 698 kr. og mesta lækkun er 866 kr. Fjöldi pakkninga sem lækkðu voru 1.183 sem er tæplega 80% pakkninga og 302 pakkningar hækkðu sem er um 20% pakkninga.

Með þessu var verið að taka upp svipað fyrirkomulag á smásöluálagningu lyfja og er í Danmörku og Noregi, þ.e. lág prósentuálagning og föst krónutala. Einnig urðu álagningarflokkarnir aðeins tveir en ekki fimm eins og áður var. Þetta er skref í þá átt að smásöluverð lyfja verði sambærilegt og á Norðurlöndunum. Með þessum breytingum mun álagningin endurspeglar betur en hingað til þá raunverulegu vinnu sem er við það að afgreiða lyf. Jafnframt er verið að draga mjög úr áhrifum af sveiflum á gengi krónunnar á álagningu lyfja. Vegna þess hvað álagningarprósentan hefur verið há, hefur álagningin hækkað mikið þegar gengi krónunnar hafi fallið. Verulega mun draga úr þeim áhrifum eftir breytinguna.

Í ágúst hófust á ný viðræður við smásala um endurskoðun á smásöluálagningu.

Á 100. fundi (2008) var samþykkt að hin fasta krónutala yrði endurskoðuð að ári liðnu og við endurskoðunina yrði miðað við vísitölu sem er samsett af launavísitölu (80%) og byggingarvísitölu (20%). Í fundagerð kemur fram að miðað er við 7.403,8 stig launavísitölu og 406,5 stig byggingarvísitölu.

Í ágúst 2009 hófust viðræður við smásala um hækkun á fastri krónutölu í smásöluálagningu sem taka ætti gildi frá og með 1. janúar 2010. Leifur Eysteinnsson og Sveinbjörn Högnason frá Lyfjagreiðslunefnd voru í vinnuhóp með smásölum um að ná fram samningum og samræma gögn. Fjölmarginir fundir voru haldnir með fulltrúum smásala til að ná niðurstöðu.

Á 127. fundi Lyfjagreiðslunefndar þann 24. nóvember s.l. var tekin til umfjöllunar tillaga um hækkun á smásöluálagningu apóteka. Fyrir fundinum lá ósk smásala um hækkun upp á 5,5% á fasta krónutölu smásöluálagningar. Nefndarmenn Lyfjagreiðslunefndar, ásamt formanni, lögðu fram tillögu að 3,5 % hækkun á fasta krónutölu smásöluálagningar.

Ekki náðist sátt um tillöguna í nefndinni og fulltrúi smásala greiddi atkvæði gegn henni og skilaði sérbókun. Fastir nefndarmenn ásamt formanni samþykktu hækkunina og að hún tæki gildi frá og með 1. janúar 2010. Fastar krónutölu álagningar fóru við þetta úr 675 kr. í 699 kr. og úr 1.755 kr. í 1.816 kr.

Áhrif hækkunar smásöluálagningar er talin vera um 98 milljónir sem falla að hluta til á Sjúkratryggingar Íslands, 44 milljónir og að hluta á sjúklinga, 54 milljónir. Þann 1. janúar 2010 hækkar því smásöluálagning lyfseðilskyldra mannalyfja. Á Íslandi eru tvö þrep í smásöluálagningu lyfseðilskyldra mannalyfja. Lægra þrepið eru lyf með heildsöluverð 1-11.999 krónur og hærra þrepið eru lyf yfir 12.000 krónum.

Hækkun á lægra þrepi er 24 krónur og á hærra þrep 61 króna. Prósentuálagning er óbreytt.

Fyrir áramót	Prósentu álagning	Föst krónutala
1-11.000 kr.	9%	675
12.000 kr.	0%	1.755

Eftir 1.1.2010	Prósentu álagning	Föst krónutala
1-11.000 kr.	9%	699
12.000 kr.	0%	1.816

6.02 Finnland inn sem viðmiðunarland í verðákvörðunum – 1. febrúar kom Finnland inn sem viðmiðunarland í verðákvörðunum nefndarinnar. Til þess að ná sparnaðinum af þessari ákvörðun inn í lyfjakostnaðinn var farið í heildar verðendurskoðun. Lyfjagreiðslunefnd endurskoðaði lyfjaverð á lyfseðilskyldum lyfjum með hærri veltu en 3,5 millj. kr. sem byggir á meðalverði í fjórum viðmiðunarlöndunum, Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Gert var ráð fyrir að þessi aðgerð myndi skili um 1 millj. á ársgrundvelli.

6.03 Breytingar á greiðsluþáttöku, magasýrulyfja, A02BC, blóðfitulækkandi lyfja, C10A, blóðþrýstingslækkandi lyfja, C09 og beinþéttilyfja, M05B – Í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið og Sjúkratryggingar Íslands voru gerðar breytingar á greiðsluþáttöku í fjórum flokkum lyfja. Breytingarnar felast í því að notkun er beint í ódýrustu lyfin í hverjum flokki fyrir sig en greiðsluþáttöku vegna dýrari lyfjanna var takmörkuð við lyfjaskírteini, sem eru gefin út þegar fyrir liggur rökstudd umsókn læknis.

1. mars sl. var breyting gerð í magasýru og blóðfitulækkandi lyfjum. Lækkun lyfjaútgjalda Sjúkratrygginga vegna þessara breytinga er talin verða um 540 milljónum kr. vegna magalyfja (prótónpumpuhemla, PPI-lyfja) og um 330 milljóna kr. vegna blóðfitulækkandi lyfja á ársgrundvelli.

1. október sl. var svipuð breyting gerð á greiðsluþáttöku ákveðinna flokka blóðþrýstingslyfja. Gert var ráð fyrir að lækkunin yrði um 240 milljónir kr. á ársgrundvelli.

1. nóvember var breyting gerð á greiðsluþáttöku lyfja sem hafa áhrif á beinbyggingu og beinmyndun. Vegna tilkomu samheitalyfja í apríl og júní og breytinga á greiðsluþáttökunni er talið að lyfjakostnaðurinn lækki um 100 milljónir kr. á ársgrundvelli.

Gert er ráð fyrir að þessar aðgerðir muni skila um 1 milljarði kr. í sparnað á ársgrundvelli.

6.04 Erlendur verðsamanburður – Tvisvar á árinu var gerður verðsamanburður á lyfjaverði við Norðurlöndin, í september og í desember. Niðurstaðan var að lyfjaverð lækkaði á Íslandi bæði á heilsöluverði og smásöluverði. Greinilegt var að heildarverðendurskoðun nefndarinnar hefur skilað verulegum árangri.

Í desember 2009 var ekkert íslenskt lyf með hæsta smásöluverðið en í júlí 2008 voru 14 íslensk lyf með hæsta smásöluverðið.

Í desember 2009 var ekkert íslenskt lyf með hæsta heildsöluverðið en 8 með lægsta heildsöluverð en í júlí 2008 voru 3 íslensk lyf með hæsta heildsöluverðið og 7 með lægsta.

Í verðsamanburði gerðum í september 2009 var Ísland með lægsta smásöluverð í 5 pakkningum en í desember 2009 í 7 pakkningum.

Samanburðurinn var gerður á 33 veltuhæstu pakkningunum sem Sjúkratryggingar Íslands niðurgreiddu fyrir landsmenn árið 2008.

6.05 Lyfjaverðskrárkerfið – Nefndin tók formlega við rekstri og hýsingu á lyfjaverðskránni þann 1. október 2008 í samræmi við breytingu á lyfjalögum sem þá tók gildi og reglugerð nr. 213/2005 með síðari breytingum.

Þessu til viðbótar kom til framkvæmda í október 2008 breyting á framangreindri reglugerð sem felur í sér að Lyfjagreiðslunefnd ber að leita eftir staðfestingu hjá markaðsleyfishöfum að þeir séu með 4 vikna birgðir af þeim lyfjum sem eru lægst í viðmiðunarflokki. Þetta ákvæði jók vinnu við útgáfu lyfjaverðskrár umtalsvert.

Á árinu 2009 komu svo breytingar á reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratryggingar við kaup á lyfjum í kostnaðarsömum lyfjaflokkum, sjá lið 3 hér að framan. Þetta þarf að reikna út mánaðarlega í framhaldi af því að hafa fengið birgðastöðu staðfesta hjá umboðsmönnum.

Mánaðarleg útgáfa lyfjaverðskrár er eitt af forgangsverkefnum nefndarinnar, enda meðal virkustu tækja stjórnvalda til að lækka lyfjaverð í landinu. Útgáfa lyfjaverðskrár er tímafrekt sífellið verkefni sem unnið er á stuttum tíma undir álagi. Lítið má út af bregða svo náist að koma skránni út á réttum tíma.

Nauðsynlegar endurbætur á verðskrá voru kannaðar og kynntar í lok ársins. Leitað var til þriggja aðila um kostnaðar-, verk- og tímaáætlun vegna framþróunar lyfjaverðskrárkerfis og tillögum að lausn. Nefndin fékk Bjarna Júlíusson ráðgjafa til að greina tillögurnar og koma með ráðleggingar. Hans mat var að hagkvæmast yrði að semja við Prógramm. Nefndin samþykkti síðan að gengið yrði til samninga við Prógramm.

Gert er ráð fyrir að heildarverð fyrir þennan áfanga verði á bilinu 1,3-1,5 m.kr. Gera má ráð fyrir að verðskrá verði gefin út í nýju umhverfi í mars 2010. Lögð verður áhersla á að skilgreina og skipuleggja ítarlega þá þætti sem undir þennan áfanga falla. Jafnframt verða vel afmörkuð þau verkefni sem Prógramm vinnur og stýrir annars vegar og verkefni núverandi birgja, Skýrr hins vegar. Gera má ráð fyrir að kostnaður vegna núverandi birgja fyrir þennan áfanga verði um 0,5 m.kr.

6.06 Rofin pakkning – Í maí var reglum um verðlagningu á rofnum pakkningum breytt á eftirfarandi hátt: Sé pakkning rofin skal endanlegt verð til sjúklings fundið með hlutfallsreikningi út frá verði þeirrar pakkningar sem lyfið er tekið úr.

Hlutfallsverðið er fundið á eftirfarandi hátt:

Heildsöluverð er á bilinu 1-11.999

(Heildsöluverð x hlutfall x 9% + 675kr.) x1,1 (10%).

Heildsöluverð er 12.000 krónur og hærra
(Heildsöluverð x hlutfall + 1755kr.) x1,1 (10%)

Óheimilt er að taka gjald fyrir umbúðir um sérlyf, enda þótt fyrir liggi sérstök fyrirmæli læknis um að rjúfa pakkningu, sbr. 8. gr. reglugerðar um afgreiðslu lyfseðla, áritun og afhendingu lyfja nr. 91/2001.

Ofangreindur útreikningur á ekki við í þeim tilfellum þegar sjúklingi eru afhent lyf í skammtaöskju.

6.07 Virðisaukaskattsbreyting - Í lok ársins var lagt í hugbúnaðarvinnu til að breyta virðisaukaskatta prósentu í 25,5% frá og með 1. janúar 2010 til samræmis við ný samþykkt lög frá Alþingi.

6.08 Ferðir og fundir - Networking Meeting of the Competent Authorities for Pricing and Reimbursement of Pharmaceuticals; Prag 16. apríl – Sveinbjörn Högnason, starfsmaður.

Alþjóðlegt þing í lyfjahagfræði – ISPOR í Orlando, USA, 17.-20. maí 2009 – Rúna Hauksdóttir, formaður.

Þann 11. júní var haldinn fundur hér á landi með Claudia Habl starfsmanni GOEG, fyrirtækis sem vinnur við samevrópskt verkefni INFOPRICE. Hún kom á fund nefndarinnar til að annars vegar kynna sér íslenska kerfið og hins vega kynna fyrir nefndinni Austuríska verð- og greiðsluþátttökukerfið.

Networking Meeting of the Competent Authorities for Pricing and Reimbursement of Pharmaceuticals, Stokkhólm 15-16 desember - Rúna Hauksdóttir, formaður.

6.09 Samvinnuverkefni með sænsku lyfjagreiðslunefndinni (TLV) - Fredrik Nilsson heilsuhagfræðingur kom til fundar við Lyfjagreiðslunefnd 6. apríl 2009 til að ræða enn frekar mögulegt tilraunaverkefni um sameiginlegar greiðsluþátttökumsóknir í Svíþjóð og á Íslandi. Fundað var með ráðherra og fulltrúum ráðuneytisins og farið yfir stöðu lyfjamála á Íslandi. Jafnframt var fundað með starfsmönnum nefndarinnar og fulltrúum hagsmunaaðila. Fyrirhugað hafði verið að á tímabilinu 1. júní 2009 til loka febrúar 2010 væri umboðsmönnum gert kleift að sækja um verð og greiðsluþátttöku samhliða í Svíþjóð og Íslandi. Ráðgert var að sótt væri um sama lyfjaverð í báðum löndunum og í sænskum krónum. Lyfjagreiðslunefnd tæki svo fyrir á fundi sínum niðurstöður TLV og samþykkti hana. Síðan kom í ljós að samstarfsverkefnið eins og það var lagt upp hér að framan stenst ekki lyfjalög né reglugerð 213/2005.

Í framhaldi af því var lagt til að verkefninu yrði breytt í gæðastjórnarverkefni þar sem metinn yrði fjárhagslegur ávinningur við það að fylgja ákvörðunum TLV. Metnar verði þær umsóknir sem ákvarðaðar verða hjá LGN og TLV á tímabilinu 1. júní 2009 – 1. febrúar 2010, með tilliti til samþykks greiðsluþátttökuverðs, fjölda umsókna og tegunda lyfja. Niðurstaða verkefnisins gæti gefið ástæðu til laga og reglugerðabreytinga. Formaður Lyfjagreiðslunefndar fundaði með aftur með Fredrik Nilsson í desember um nánari útfærslu.

6.10 Framtíða rekstur Lyfjagreiðslunefndar - Á árinu hafa komið fram komið tillögur um að sameina starfssemi Lyfjagreiðslunefndar og Lyfjastofnunar. Nefndin telur að mikilvægt sé að gerðar séu tillögur að því styrkja starfssemi nefndarinnar sem hefur aukist verulega á síðustu árum. Augljós vandamál eru til staðar við að reka

Lyfjagreiðslunefnd með þeim hætti sem hún er rekin í dag með þrjú starfsmenn í 2,7 stöðugildum.

Kjarnastarfssemi nefndarinnar hefur bæði verið að aukast og breytast, án þess að bætt hafi verið við starfsmönnum. Veruleg fjölgun hefur orðið á þeim erindum sem nefndin hefur meðhöndlað á árinu 2009 frá því sem var á árinu 2008. Þetta er samhliða því að vinna við útgáfu skrárinnar hefur aukist að umfangi.

2009	Fjöldi vörunúmera
Erindi til Lyfjagreiðslunefndar	2.884
Þar af ný lyf, pakkningar	319
2008	Fjöldi vörunúmera
Erindi til Lyfjagreiðslunefndar	1.931
Þar af ný lyf, pakkningar	307

Rekstur stofnunar eins og Lyfjagreiðslunefndar kallar á ákveðið umstang við stjórnun og stoðþjónustu sem er hlutfallslega meira í lítilli stofnun en stórri, svo sem umsjón með fjárreiðum, innkaupum, starfsmannahaldi, búnaði og húsnæði.

7. Greining verkefna og samantekt

7.01 Fjöldi umsókna um verð, greiðsluþátttöku og afgreiðslutími

Umsókn verð/greiðsluþátttaka	Fjöldi vörunúmera	Meðaltal fjöldi daga í afgreiðslu	Min fjöldi daga	Max fjöldi daga
Nýtt frumlyf	159	67	0	194
Nýtt samheitalyf	92	51	7	158
Nýtt samhliða innflutt lyf	60	31	10	78
Nýtt dýralyf	8	69	30	85
Samtals	319			

7.02 Fjöldi breytinga sem birtist í lyfjaverðskrá

Skýring breytingar	Fjöldi vörunúmera
Afskráð mrl/afskr. norrænt vörunúmer/afskr. birgðask.	435
Br.geymsluskilyrði	10
Breytt ATC-flokkur	51
Breytt DDD/pk	103
Breytt geymsluþol	43
Breytt greiðsluþátttaka	69
Breytt heiti lyfs	41
Breytt lyfjaheitisnúmer	68
Breytt norrænt vörunúmer	27
Breyttur hámarksskammtur dagar	160
Breyttur markaðsleyfishafa kóði	188
Breyttur markaðsleyfishafi	188
Breyttur umboðsmaður	111

Breyttur viðmiðunargjaldmiðill	347
Greiðslubátttaka afnumin	322
Nýtt á skrá	344
Nýtt á viðmiðunarverðskrá	27
Umboðsmannaverðbreyting	92
Úr viðmiðunarverðskrá	13
Verðbreyting á lausasölulyfi	27
Verðhækkun	311
Verðlækkun	585
Virkt innihaldsefni	30
Ýmsar breytingar	279
Samtals	3.871

8. Þróun á gengi helstu innflutningsgjaldmiðla lyfja 2009

Gengisbreytingar voru umtalsverðar á árinu og leiddu til herra lyfjaverðs til neytenda.

	1.jan.09	1.des.09	Breyting
CHF	109,1948	122,4917	12,18%
DKK	22,6949	24,8779	9,62%
EUR	169,0738	185,1209	9,49%
GBP	194,3276	205,6	5,80%
NOK	18,4704	22,08	19,54%
SEK	16,0175	17,9588	12,12%
USD	129,3695	124,1983	-4,00%

Á árinu varð verulegur tilflutningur á viðmiðunargjaldmiðli lyfja úr íslenskri krónu yfir í evrur. Sú tilhneiging hefur verið undanfarin þrjú ár. Áður voru um 40% af lyfjum í íslenskri krónu en núna rúmlega 10%. Afleiðingin er að lyfjaverð er nú meira háð gengissveiflum.

Gjaldmiðill	Hlutfall lyfjakostnaðar
CHF	0,10%
DKK	33,30%
EUR	15,60%
GBP	8,30%
IKR	14,70%
NOK	5,40%
SEK	20,50%
USD	0,90%

9. Fjármál nefndarinnar

	Árið 2008	Árið 2009	Mism. milli ára	Mism. milli ára
Laun og launatengd gjöld	27.110.216	24.005.461	-3.104.755	-11%
Aðkeypt þjónusta	10.188.181	6.924.135	-3.264.046	-32%
Fundir, ferðir	1.027.382	626.844	-400.538	-39%
Rekstur skrifstofu	3.899.749	3.476.633	-423.116	-11%
Samtals	42.225.528	35.033.073		-17%
Fjárlög	31.600.000	34.700.000		10%
Sértekjur		741.533		
Samtals fjárveiting	31.600.000	35.441.533		12%
Mismunur	-10.625.528	408.460		

Lækkun á launum og launatengdum gjöldum skýrist annars vegar af því að ráðin var lyfjatæknir í stað hagfræðings og hins vegar að formaður nefndarinnar fór úr fullu starfi í hlutastarf. Jafnframt því að tveir af nefndarmönnum voru ekki á nefndarlaunum á árinu vegna þess að þeir eru forstöðumenn stofnanna.

Lækkun á aðkeyptri þjónustu skýrist af því að kostnaður árið 2008 er óvenju hár því ráðist var í gerð nýs lyfjaverðskrárkerfis. Á árinu 2009 var áfangi 2 gerður auk ýmissar forritunavinnu vegna reglugerðarbreytinga.

Lækkun á ferða- og fundakostnaði er vegna færri funda og ferða á árinu 2009.

Rekstur skrifstofu er lægri árið 2009 en 2008 þar sem árið 2008 er óvenju kostnaðarsamt vegna uppfærslu á tölvum starfsmanna nefndarinnar. Leiga á húsnæði telst með rekstri skrifstofu.

Nefndin sagði upp fyrirtækjaþjónustu póstsins í byrjun árs þar sem gjaldið átti að hækka um rúmlega 100%. Sparnaður er 188.400 krónur á ári.